

Markaðsstofa Norðurlands

Ársreikningur 2023

Markaðsstofa Norðurlands
Hafnarstræti 91
600 Akureyri

Kt. 460112-2140

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Sjálfseignarstofnunin Markaðsstofa Norðurlands var stofnuð 5. desember 2011. Tilgangur stofnunarinnar er að samræma og annast markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi, efla samstarf, samvinnu, þekkingu og fagmennsku meðal ferðaþjónustuaðila ásamt því að vera málsvari og samnefnari fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Rekstrartekjur félagsins námu 135.472 þús. kr. og lækkuðu um 2.096 þús. kr. milli ára eða um 1,5%. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar á árinu 1.085 þús. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 49.714 þús. kr. í árslok. Eigið fé stofnunarinnar í árslok nam 9.134 þús. kr. að meðtöldu stofnfé að fjárhæð 952 þús. kr. sem Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi ehf. lagði fram.

Stjórn og framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands hafa í dag rætt ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2023 og staðfesta hann með rafrænum undirritunum í framhaldi af fundinum. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 11. apríl 2024

Í stjórn Markaðsstofu Norðurlands:

Ármann Örn Gunnlaugsson
Hilda Jana Gísladóttir
Jóhanna Ey Harðardóttir
Sara Sigmundsdóttir
Sigrún Hulda Sigmundsdóttir
Viggó Jónsson
Örn Arnarson

Framkvæmdastjóri:

Arnheiður Jóhannsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Markaðsstofu Norðurlands.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Markaðsstofu Norðurlands fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2023 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissu en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 11. apríl 2024

KPMG ehf.

Þorsteinn G. Þorsteinsson

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur:			
Framlög		77.535.909	74.165.825
Tekjur af rekstri		57.935.712	63.402.238
		<u>135.471.621</u>	<u>137.568.063</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	3	78.157.563	80.394.624
Annar rekstrarkostnaður		57.773.396	57.175.464
		<u>135.930.959</u>	<u>137.570.088</u>
Rekstrartap	(459.338)	(2.025)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.880.043	971.051
Vaxtagjöld	(335.289)	(168.275)
		<u>1.544.754</u>	<u>802.776</u>
Hagnaður ársins	4	<u>1.085.416</u>	<u>800.751</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
Eignir			
Viðskiptakröfur		817.572	1.007.032
Handbært fé		48.895.985	50.397.000
	Veltufjármunir	49.713.557	51.404.032
	Eignir samtals	<u>49.713.557</u>	<u>51.404.032</u>
Eigið fé			
Stofnfé		952.000	952.000
Annað stofnframlag		316.129	316.129
Óráðstafað eigið fé		7.865.607	6.780.191
	Eigið fé 4	9.133.736	8.048.320
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		4.582.953	3.987.958
Fyrirframinnheimtar tekjur		25.827.521	27.574.487
Aðrar skammtímaskuldir		10.169.347	11.793.267
	Skuldir samtals	40.579.821	43.355.712
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>49.713.557</u>	<u>51.404.032</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins	4	1.085.416	800.751
Veltufé frá rekstri		<u>1.085.416</u>	<u>800.751</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, lækkun (hækkun)		189.460	(292.900)
Skammtímaskuldir, lækkun		(2.775.891)	(6.962.644)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(2.586.431)</u>	<u>(7.255.544)</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>(1.501.015)</u>	<u>(6.454.793)</u>
Breyting á handbæru fé		(1.501.015)	(6.454.793)
Handbært fé í ársbyrjun		50.397.000	56.851.793
Handbært fé í árslok		<u>48.895.985</u>	<u>50.397.000</u>

Skýringar

1. Félagið

Markaðsstofa Norðurlands („stofnunin“) er sjálfseignarstofnun og er lögheimili hennar að Hafnarstræti 91, Akureyri. Tilgangur stofnunarinnar er að samræma og annast markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi, efla samstarf, samvinnu, þekkingu og fagmennsku meðal ferðaþjónustuaðila ásamt því að vera málsvari og samnefnari fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur og framlög eru færð í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu þjónustusamninga á uppgjörstigi.

c. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður um 0,6 millj. kr. í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

d. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2023	2022
Laun	61.995.490	61.296.683
Launatengd gjöld	16.162.073	19.097.941
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>78.157.563</u>	<u>80.394.624</u>
Fjöldi ársverka á árinu	6,0	6,1

Laun framkvæmdastjóra námu 15.868 þús. kr. á árinu 2023 en námu 15.382 þús. kr. árið áður. Ekki var um sérstakar greiðslur vegna stjórnarstarfa að ræða.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Annað stofnframlag	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2022	952.000	316.129	5.979.440	7.247.569
Hagnaður ársins	0	0	800.751	800.751
Eigið fé 31.12.2022	<u>952.000</u>	<u>316.129</u>	<u>6.780.191</u>	<u>8.048.320</u>
Hagnaður ársins	0	0	1.085.416	1.085.416
Eigið fé 31.12.2023	<u>952.000</u>	<u>316.129</u>	<u>7.865.607</u>	<u>9.133.736</u>

5. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar stofnunarinnar.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Engin viðskipti voru við stjórnendur. Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 3.

Sundurliðanir

	2023	2022
Framlög:		
Sveitarfélög	19.749.000	19.267.750
Fyrirtæki	18.786.896	16.898.075
Ríkissjóður	39.000.013	38.000.000
	<u>77.535.909</u>	<u>74.165.825</u>
Tekjur af rekstri:		
Tekjur vegna útgáfu	10.710.000	11.800.000
Tekjur af samstarfsverkefni	1.800.000	10.070.400
Flugverkefni AIR 66N	39.526.737	38.770.581
Aðrar tekjur	5.898.975	2.761.257
	<u>57.935.712</u>	<u>63.402.238</u>
Laun og launatengd gjöld:		
Laun skrifstofa	45.787.208	45.038.305
Áfallið orlof	(789.886)	247.916
Lífeyrissjóður skrifstofa	7.223.059	7.194.764
Sjúkra- og orlofssjóður skrifstofa	1.126.283	1.193.630
Tryggingagjald skrifstofa	3.452.793	3.361.071
Annar starfsmannakostnaður	1.336.300	1.831.672
Samtals laun og launatengd gjöld skrifstofa	<u>58.135.757</u>	<u>58.867.358</u>
Laun AIR 66N flugverkefni	16.208.282	16.258.378
Áfallið orlof	(592.064)	1.003.162
Lífeyrissjóður AIR 66N flugverkefni	2.097.644	2.056.446
Sjúkra- og orlofssjóður AIR 66N flugverkefni	163.016	154.055
Tryggingagjald AIR 66N flugverkefni	1.182.357	1.162.990
Annar starfsmannakostnaður	962.571	892.235
Samtals laun og launatengd gjöld AIR 66N verkefni	<u>20.021.806</u>	<u>21.527.266</u>
	<u>78.157.563</u>	<u>80.394.624</u>
Laun og launatengd gjöld samtals		
	<u>78.157.563</u>	<u>80.394.624</u>
Annar rekstrarkostnaður:		
Sýningar og kynningar innanlands	553.598	93.353
Sýningar og kynningar erlendis	1.602.944	3.585.950
Blaðamanna- og kynnisferðir	3.902.621	1.909.870
Kynningar erlendis í samstarfi við aðra aðila	472.048	272.706
Styrkir vegna verkefna	618.836	27.000
Aðkeyptar skýrslur og rannsóknir	1.295.391	3.426.140
Auglýsingar	1.010.446	3.260.863
Húsaleiga og húsnæðiskostnaður	2.081.580	1.327.898
Dagpeningar	3.196.852	3.533.537
Bifreiðastyrkir	443.565	576.610
Fundakostnaður	893.787	608.289
Gjaldfærð áhöld og tæki	904.055	1.676.506
Bókhalds og launavinnsla	1.085.830	1.811.789
Endurskoðun og sérfræðipjónusta	630.131	492.156
Kostnaður vegna tölvupjónustu	1.665.817	1.444.073
Vefsíða	3.106.046	1.219.722
Sími	852.934	600.172
Póstburðargjöld	539.961	562.412

Sundurliðanir, frh.:

	2023	2022
Annar rekstrarkostnaður frh.:		
Pappír, prentun og ritföng	15.949	19.726
Vátryggingar	122.969	185.643
Uppskeruhátíð	1.147.230	1.170.463
Mannamót markaðsskrifstofa	1.694.346	1.857.518
Félags og aðildargjöld	17.040	0
Tapaðar og niðurfærðar kröfur	216.441	301.581
Þjónustugjöld banka og greiðsluseðlar	357.576	239.645
Annar rekstrarkostnaður	2.789.449	1.074.493
	<u>31.217.442</u>	<u>31.278.115</u>
Rekstrarkostnaður verkefnis AIR 66		
AIR 66N - rekstrarkostnaður skrifstofa	4.040.052	8.547.083
AIR 66N - húsnæðiskostnaður	1.327.176	877.963
AIR 66N - kynningarefni skrifstofa	4.687.717	988.588
AIR 66N - ferðasýningar / workshops skrifstofa	5.114.135	2.370.399
AIR 66N - blaðamanna- og kynnisferðir	1.736.758	2.521.138
AIR 66N - dagpeningar	2.599.093	1.938.144
	<u>19.504.931</u>	<u>17.243.315</u>
Annar rekstrarkostnaður verkefnatengdur kostnaður:		
Framleiðsla myndefnis	493.456	367.700
Útgáfa bæklinga	5.568.185	7.574.406
Aðkeypt þjónusta	987.846	465.897
Kynningarefni	1.536	246.031
	<u>7.051.023</u>	<u>8.654.034</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>57.773.396</u>	<u>57.175.464</u>